

Sb.

104. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Sigfús Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimur manna nefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að endurskoða alla löggjöf landsins um banka, sparissjóði og aðrar lánsstofnanir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fela nefndinni sérstaka athugun á því, hvernig verðskráning islenzkrar krónu verði bezt fyrir komið.

Fjármálaráðherra ákveður formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Landsbankalögin frá 1928 voru undirbúin af milliþinganefnd, en síðan hefir engin heildarathugun farið fram um bankamál landsins. Þá stóð svo á, að Landsbankinn var eini bankinn, sem rekinn var af ríkinu. Nú eru tveir bankarnir algerlega reknir á ábyrgð ríkisins og sá þriðji einnig að mestu leyti. Hefir fyrirkomulag bankastarfseminnar í landinu þannig stórbreytt síðan „landsbankanefndin“ var að störfum. Þá hefir og allt viðhorf í viðskipta- og atvinnumálum þjóðarinnar einnig tekið miklum breytingum. Það virðist því vera kominn tími til þess að taka öll bankamál landsins til rækilegrar athugunar í einu lagi, og verður að telja heppilegast, að sú athugun fari fram í milliþinganefnd, sem allir aðalstjórnsmálaflokkar landsins eigi fulltrúa í.

Ekki er ástæða til að ræða mikið um verkefni þeirrar milliþinganefndar í einstökum atriðum, sem tillagan gerir ráð fyrir, en benda má þó á, að full þörf virðist á því að taka meðal annars eftirfarandi atriði til athugunar:

1. Seðlaútgáfun, verkaskiptingu bankanna og í sambandi við það, hvort ekki er hægt að gera bankarekstur hér á landi óbrotnari og ódýrari með því að fækka lánsstofnunum.
2. Skipting lánsfjárins til atvinnuveganna.
3. Yfirstjórn bankanna og valdsvið þeirra, fyrirkomulag endurskoðunar og eftirlits.
4. Launakjör starfsmanna í bönkunum. Margt fleira mætti og nefna, þó því sé sleppt hér.

Skoðanir manna um gengisskráningu islenzkrar krónu eru mjög skiptar. Ýmsir halda því fram, að gengisfall krónunnar sé helzta og jafnvel eina bjargráð atvinnuveganna, en aðrir eru þar á alveg gagnstæðri skoðun. Gengi islenzkrar krónu hefir nú í mörg ár fylgt gengi sterlingspundsins, en ekki verið miðað við framleiðsluvörur landsmanna. Engin ábyggileg rannsókn hefir heldur farið fram á því, hvaða gengi væri hæfilegt, miðað við vöruverð, framleiðslukostnað og þarfir atvinnuveganna yfirleitt, þó ekki hafi vantað staðhæfingar, litt eða ekki rökstuddar, um þetta efni. En margþætt rannsókn þessa máls þarf að fara fram áður en frambúðarákvörðun er tekin um það. Hér er því lagt til, að milliþinganefndinni sé einnig falið að rannsaka, hvernig verðskráningu islenzkrar krónu verði bezt fyrir komið.

Tillaga þessi er flutt fyrir hönd Framsóknarflokksins.